



Fréttatilkynning
27 October 2023 09:35:00 GMT

Barbara Inga Albertsdóttir ráðin framkvæmdastjóri Regluvörslu Íslandsbanka

Barbara Inga Albertsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Regluvörslu Íslandsbanka. Barbara Inga starfaði áður sem „Global Head of Regulatory Change“ hjá Deutsche Bank þar sem hún bar ábyrgð á meðferð reglubreytinga og var áhersla þar m.a. lögð á að greina tækifæri sem breytingarnar höfðu á starfsemi bankans.

Barbara Inga Albertsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Regluvörslu Íslandsbanka. Barbara Inga starfaði áður sem „Global Head of Regulatory Change“ hjá Deutsche Bank þar sem hún bar ábyrgð á meðferð reglubreytinga og var áhersla þar m.a. lögð á að greina tækifæri sem breytingarnar höfðu á starfsemi bankans. Barbara Inga hefur starfað hjá Wells Fargo og fyrir bæði breska fjármálaeftirlitið (FCA) sem og það íslenska (FME). Barbara kom til liðs við Íslandsbanka á haustdögum þar sem hún hefur unnið að umbótaverkefnum. Hún tekur við starfi framkvæmdastjóra Regluvörslu 1. nóvember næstkomandi.

Barbara er með BA og meistaraþráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands og LL.M í „International Financial Law“ frá King's College London.

Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka:

„Það er mikill fengur að fá Barböru til liðs við okkur. Með því að lyfta Regluvörslu í framkvæmdastjórn bankans erum við að koma til móts við allar þær breytingar sem eru að verða á regluverki banka í heiminum og undirbúa okkur betur fyrir öflugra sókn. Barbara býr yfir mikilli reynslu eftir störf hjá erlendum bönkum og fjármálaeftirlitum. Við erum mjög spennt að fá hana í framkvæmdastjórn bankans.“

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu, vinna þrjár viðskiptaeyningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavinina sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánshæfismatið A3 frá Moody's Investor Services og BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.



Fréttatilkynning
27 October 2023 09:35:00 GMT

Viðhengi

Barbara Inga Albertsdóttir ráðin framkvæmdastjóri Regluvörslu Íslandsbanka